

## **Stefna Framtíðarlistans í skólamálu, heildarstefnuskrá kemur bráðlega.**

### **Sameinað sveitarfélag – sameinaður skóli**

Það er stefna Framtíðarlistans að sveitarfélagið reki einn skóla í nýju skólahúsnæði að Laugum ekki seinna en 2016.

### **Hvernig verður staðið að málu?**

Skólarnir verða sameinaðir undir eina yfirstjórn veturinn 2011-2012. Skólarnir þrír verða formlega lagðir niður og nýr skóli, Grunnskóli Þingeyjarsveitar, stofnaður. Einn skólastjóri verður ráðinn og deildarstjórar verða yfir grunn-,leik og tónlistarskóla á hverjum stað. Nýr skólastjóri hefur það verkefni að samþætta skólastarfið og skipuleggja í samvinnu við deildarstjóra og fræðslunefnd. Leikskólar verða áfram starfræktir á 4 stöðum meðan þörf er.

### **Af hverju?**

Í dag eru 35-50 nemendur í hverjum skóla. Við teljum það of fámenn. Vegna fámennis í skólunum eru einstaka nemendur vinalausir. Þá er samkensla í öllum skólunum. Samkensla býður heim þeirri hættu að námsefnið henti ekki þroska allra nemenda og ef sitthvort námsefnið er viðhaft að kennartíminn nýtist ekki sem skyldi. Fámennið er að verða slíkt að skólarnir geta ekki boðið sérgreinakennurum sínum fullar stöður. Það þýðir að það eru ekki alltaf faggreinakennarar að kenna fögin. Við erum ekki að bjóða börnunum okkar upp á það besta sem við getum boðið. Með sameiningu skólanna getum við það frekar. Nú eru alls 135 nemendur í sveitarfélaginu. Við verðum að geta litið á okkur sem eitt samfélag. Framtíðarlistinn ætlar að vinna með íbúunum og telur sig vera að tala röddu meirihluta þeirra sem ætla að nota skólana næstu árin. Flestallir sem tjáðu sig í skólaskýrslunni eru sammála, að það gengur ekki að halda áfram með óbreytt ástand.

### **Hvað um starfsfólkið?**

Við munum fara rólega í sameininguna. Ef litið er til aldursamsetningar starfsmanna eru nokkrir að fara á eftirlaun á næstu árum. Með því að ráða ekki í þær stöður sem losna, er hægt að skipuleggja skólastarfið þannig að þegar einn skóli tekur til starfa á Laugum er hægt að lágmarka uppsagnir. Við munum reyna að gera þetta á eins sársaukalítinn hátt og frekast er unnt. En auðvitað tekur þetta á, hjá því verður ekki komist. Vegna fækkunar nemenda hefur starfsfólk nú þegar að misst vinnuna.

### **Af hverju á nýi skólinn að vera á Laugum?**

Sveitarfélagið hefur látið gera 2 háskólaskýrslur og er niðurstaða beggja að framtíðarlausn í skólamálu sé að reka einn skóla á Laugum. Við erum þessu sammála og teljum að nú sé kominn tími til ákvarðana og skynsamlegast sé að taka strax þá ákvörðun og hefja ferlið. Þá er eðlilegt að efla þann litla þéttbýliskjarna sem við höfum á Laugum. Reynslan sýnir að öflugur þéttbýliskjarni styður við dreifbýlið. Við styrkjum Framhaldsskólann á Laugum sem er okkar “stóriðja”. Það er mikill kostur að geta tengt grunnskólann við framhaldsskólann. U.þ.b.90% nemenda í Litlulaugaskóla fara í Framhaldsskólann á Laugum á meðan aðeins um 10% nemenda hinna skólanna fara þangað. Laugar er þéttbýli og það fæst ekki styrkur frá Jöfnunarsjóði að aka nemendum úr þéttbýli. Við getum nýtt skólaakstur grunnskólans fyrir nemendur Þingeyjarsveitar í Framhaldsskólanum á Laugum og gefið þeim tækifæri að búa lengur heima með öllum þeim ávinningi sem það hefur í för með sér. Með lengri viðveru í skólanum er hægt að ljúka heimanámi, tónlistarnámi og gefur meiri möguleika á samspili, stunda íþróttir saman. Margir foreldrar losna þá við akstur barna sinna í hópíþróttir til Húsavíkur eða Akureyrar því fjöldinn verður meiri í hverjum árgangi. Íþróttaaðstaðan á Laugum er frábær eins og við vitum.

### **En hvað um vegalengdirnar?**

Í dag er lengstur skólaakstur frá Svartáarkoti og mun hann lítið lengjast. Með góðu skipulagi ætti ekki að taka lengri tíma en 30-40 mínútur fyrir þá sem lengst þurfa að vera í bíl aðra leið. Mjög fáir nemendur munu lengja skólaakstur um meira en 5 km frá því sem nú er. Við teljum að vegalengdir séu ekki vandamál.

### **Er ekki tómt rugl að byggja nýjan skóla?**

Alls ekki. Ef við miðum okkur við sveitarfélög sem reka grunnskóla af svipaðri stærð á einum stað er heildarrekstarkostnaður 60-120 milljónum hærri hjá okkur. Möguleiki á samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum gæti lækkað heildarbyggingakostnað. Með nýbyggingu eru nýir kennsluhættir og sérhæfing tekin inn í hönnunina. Á þessu ári er verið að byggja nýjan skóla í Hvalfjarðarsveit fyrir um 450 milljónir, ætlað svipuðum fjölda nemenda. Við teljum að launasparnaður við sameiningu verði aldrei undir 60 - 65 milljónir á ári. Bara fækkun skólastjórna sparar okkar 12-15 milljónir á ári. Hver kennarastaða kostar um 5 milljónir á ári. Ef við gerum ráð fyrir að kennurum fækki um 10 þá er það 50 milljón króna sparnaður á ári. Er þá ótalinn annar rekstrarsparnaður.

### Hvað með gömlu byggingarnar?

Við viljum að um leið og ákvörðunin er tekin um byggingu nýs skóla að Laugum muni atvinnuálanefnd leita leiða til að koma húsnæði skólanna í önnur not sem mun skapa störf til framtíðar. Það gefst tími í allt að 5 ár til að vinna að þessu verkefni. Það er mjög mikilvægt að framtíðarstefna í skólamáli sé tekin sem fyrst til að allir íbúar sveitarfélagsins viti hvert er verið að stefna. Einnig gagnvart þeim starfsmönnum sem vinna við skólana, þeir þurfa að fá að vita hver skólafelagstefna sveitarfélagsins er.

### Er þetta ekki bara uppjöf?

Nei, þetta er nýtt upphaf. Nú blásum við í seglin og eflum sveitina okkar. Það eru mun meiri líkur á að fá fólk til okkar ef skólafelag er skýr og góður skóli er í boði með góðri félags- og íþróttastöðu fyrir börnin. Munum að þetta snýst ekki um skólann „þinn“ né skólann „minn“. Þetta snýst um skólann „okkar“ og þó fyrst og fremst um börnin okkar. Við teljum sveitarfélagið ljúka sameiningunni með þessari aðgerð og ef skoðuð er reynsla margra sveitarfélaga sem sameinað hafa skóla, þá eru því miður mikil átök um ákvörðunina en innan fárra ára er mikil sátt um breytinguna. Við vonum að íbúar Þingeyjarsveitar sjái að þetta er það skynsamlegasta í stöðunni í dag. Við getum þetta fjárhagslega og þetta mun skila okkur sterkari á næstu árum.

Framtíðarlistinn



### Náttúruvísindastöðin við Mývatn (Ramý) auglýsir eftir starfsfólki í greiningarvinnu. (3 störf).

Ramý safnar árlega sýnum af undirstöðulífverum í vatninu, einkum af svifþörungum, mýi og krabbadýrum. Vinnan felst í flokkun og greiningu sýnanna. Vinnutímabil: Júní-ágúst. Æskilegt er að fá ungt háskólafolk eða fólk með áhuga á náttúru- eða umhverfisfræði. Best væri ef það væri búsett við Mývatn eða nágrenni, og slíkt fólk hefði forgang. Stöðin hefur auk þess samning við HÍ um aðstöðu í Öskju (náttúruvísindahúsinu) svo að höfuðborgarbúar koma einnig til greina.

Áhugasamir hafi samband við Árna Einarsson, forstöðumann Ramý, arnie@hi.is, eða í síma 8924281.

hans Lerkiholti í Reykjadal. Húsið er timburhús, ein hæð og ris samtals 74,8 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Einari Ólafssyni hjá Búbót hönnun og ráðgjöf.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar á grundvelli 3.tl. skipulags- og byggingarlaga.*

### **201005008 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**

Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn varðandi nýtt rekstrarleyfi til handa Lundsgolfi ehf./ Þórólfi Guðnasyni kt. 150619-3009, Lundi 1, Fnjóskadal. Rekstrarleyfi til sölu veitinga í golfskála að Stekkjarbyggð 215069. Veitingastaður flokkur II *Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar- og skipulagsnefndar á framangreindum liðum.

### **11. Umsókn um stofnun lóðar í Presthvammi:**

Lögð fram umsókn Matthildur Gunnarsdóttir og Gunnsteinn Sæþórsson um stofnun 2.000 m<sup>2</sup> lóðar í landi Prestshvammssamkv. meðfylgjandi lóðarblaði. Heiti nýrrar lóðar verði Prestshvammur 1 og lóðarnr. 219349. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40

Ólína Arnkelsdóttir  
Arnór Benónýsson  
Garðar Jónsson  
Hlynur Snæbjörnsson

Erlingur Teitsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Ásvaldur Þormóðsson



## Sundlaugin á Laugum

Opið verður frá kl. 15:00 – 18:00  
á Uppstigningardag 13. maí.

Starfsfólk sundlaugarinnar.

leita allra leiða til að lækka skuldir og rekstrargjöld og auka tekjur sveitarfélagsins svo það geti staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni.  
Reikningurinn samþykktur samhljóða.

**8. Fundargerð Fræðslunefndar frá 20.04.10:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 20.04.10. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og þær tillögur sem þar koma fram.

**9. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 05.05.10:**

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 05.05.10. Vegna 3. liðar samþykkir sveitarstjórn að nýtt bókasafn í Stórutjarnaskóla heiti Bókasafnið í Stórutjarnaskóla.

**10. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar S-Þ frá 03.05.10:**

Teknir fyrir þeir liðir úr fundargerðinni sem snúa að Þingeyjarveit.

**201003097 - Erindi frá Sigríði Jónsdóttur, Bjarmastíg 15, Akureyri**

Sigríður Jónsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Fjósatungu lóð 216075.

Húsið er timburhús á steiptum súlum 31,9 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Loga Má Einarssyni arkitekt á Kollgátu.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**201004001 – Erindi frá Fasteignum ríkisins**

Haukur Haraldsson f.h. Fasteigna ríkisins sækir um leyfi til breytinga innanhúss á gamla skólahúsi Framhaldsskólans á Laugum. Breytingar felast í því að búningaklefum við sundlaug er breytt í félagsaðstöðu og snyrtingar og sundlaug í félagsaðstöðu.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**201004031 - Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**

Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Hákonni Gunnarssyni / Bragabót ehf. / til sölu gistingar/veitinga að Árbót, Aðaldal.

Gististaður flokkur II.

*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því gefnu að aðeins séu leigð út þau herbergi sem til þess séu ætluð samkvæmt teikningum.*

**201004033 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**

Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um rekstrarleyfi til handa Sigurði J. Freygarðssyni til sölu gistingar/veitinga að Hálsi, Fnjóskadal.

Gististaður flokkur I og II.

*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið að því gefnu að aðeins séu leigð út þau herbergi sem til þess séu ætluð samkvæmt teikningum.*

**201004104 – Erindi frá Brynjari Sigtryggssyni, Ársölum 1, Kópavogi**

Brynjar Sigtryggsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á landi

## *Kórastefna við Mývatn 3.-6. Júní 2010.*

### **Dagskrá:**

#### **3. júní - fimmtudagur kl. 20.30**

Félagsheimilið Skjólbrekka: Fjárlagakvöld og kórsöngur

Gradualekór Langholtskirkju og tónleikagestir syngja undir stjórn Jóns Stefánsonar

#### **4. júní - föstudagur kl. 20.30**

Hallarflöt í Dimmuborgum: Kórtónleikar

#### **6. júní - sunnudagur kl. 15.00**

Félagsheimilið Skjólbrekka: Lokatónleikar Kórastefnu Copenhagen Girlschoir, stjórnandi: Claus Vestergaard Jensen

Gradualekór Langholtskirkju, stjórnandi: Jón Stefánsson

Gestastjórnandi: Lynnel Joy Jenkins frá Bandaríkjunum.

VELKOMIN Á TÓNLEIKA KÓRASTEFNU

VIÐ MÝVATN 2010.

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir



## Tillögur að nafni

Óskað er eftir tillögum að nafni á skagann milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Tillögum sé komið til sveitarstjóra Þingeyjarsveitar og Grýtubakkahrepps, bréflaga eða í tölvupósti, [gudny@grenivik.is](mailto:gudny@grenivik.is) eða [tryggvi@thingeyjarsveit.is](mailto:tryggvi@thingeyjarsveit.is), í síðasta lagi mánudaginn 17. maí.

Nefnd úr Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit, sem hefur haft þetta mál til umræðu, velur úr nokkrar álitlegar tillögur og samhliða sveitarstjórnarkosningum 29. maí nk. verður kjósendum gefinn kostur á að velja milli þeirra nafna sem upp koma.

Kosningin verður leiðbeinandi fyrir nýjar sveitarstjórnir sem ákveða hvernig þetta nafnamál verður til lykta leitt.

Sveitarstjóri

## Léttmessa í Illugastaðakirkju

Léttmessa verður í Illugastaðakirkju  
sunnudagskvöldið 16. maí kl. 20.30.

Hermann Arason og Ásta Óskarsdóttir sjá um  
tónlistina. Sr. Bolli Pétur Bollason predikar.

Komum saman og gleðjumst og fögnum lífinu í Jesú  
nafni. Sjá [www.laufasinn.is](http://www.laufasinn.is).

Ólína fór yfir fundargerð rekstrarstjórnar Hafralækjarskóla frá 03.05.10 og gerði grein fyrir ársreikningi skólans fyrir árið 2009.

Vegna 3. liðar er sveitarstjóra falið að segja upp samningi um skólaakstur á Kinnarleið vegna breyttra forsendna fyrir 31. maí nk..

Vegna 4. liðar um starfsmannamál leggur sveitarstjórn til við rekstrarstjórn að ganga til viðræðna við Barnaverndarstofu vegna starfslokakostnaðar sem til er kominn vegna samningsloka um skólavist fyrir börn á hennar vegum. Fundargerðin samþykkt.

### 5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.04.10:

Tekin fyrir fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.04.10. Þar eru teknar fyrir ábendingar vega aðalskipulagsgerðar. Kynningarferli fyrir auglýsingu á aðalskipulagi er nú lokið og þeim fresti sem gefinn var til að koma með ábendingar eða athugasemdir liðinn. Framkomnum athugasemdum vísað til Skipulags- og umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu um frístundabyggð í landi Mela í Fnjóskadal til gerðar aðalskipulags.

### 6. Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra:

Oddviti gerði grein fyrir umræðu um málið á vettvangi Eyþings og sveitarstjóri frá viðræðum sínum við Sigurð Helgason ráðgjafa um flutninginn. Miklar umræður urðu um málið.

### 7. Ársreikningur sveitarsjóðs Þingeyjarsveitar 2009 – síðari umræða:

Samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi sveitarfélagsins var rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 84,8 millj. kr. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 621,9 millj. kr. Rekstrargjöld án afskrifta námu 633,2 millj. kr., en afskriftir námu 28,3 millj. kr. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða var neikvæð um 39,6 millj. kr., en rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum ársreikningi sveitarfélagsins var neikvæð um 84,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 655,2 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 51,6 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 456,5 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 105,8 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 0,49 í árslok, en var 0,62 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 198,7 millj. kr. í árslok sem er 30,3% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 42,0%. Af framansögðu er ljóst að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er erfið. Tekjur að frádragnum rekstrargjöldum nægja ekki fyrir vöxtum og afborgunum lána. Því þarf að gæta aðhalds og

## FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

51. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 06.05. 2010 kl. 10:30

### Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Pingeyjarsýslum:
3. Fundargerð samstarfsnefndar um brunavarnir í Skútustaðahreppi og Pingeyjarsveit:
4. Fundargerð rekstrarstjórnar Haftralækjarskóla frá 03.05.10 og ársreikningur 2009:
5. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 28.04.10:
6. Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra:
7. Ársreikningur sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar 2009 – síðari umræða:

### Til kynningar:

A) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 07.04.10:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Hlynur Snæbjörnsson, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Þormóðsson, Garðar Jónsson og Erlingur Teitsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði þess að taka á dagskrá undir 8. lið, fundargerð Fræðslunefndar frá 20.04.10, undir 9. lið, fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 05.05.10, undir 10. lið, fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar S-Þ frá 03.05.10 og undir 11. lið umsókn um stofnun lóðar í Presthvammi.

### 2. Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Pingeyjarsýslum:

Lagt fram fundarboð á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra s.f. í Pingeyjarsýslum þann 31. maí n.k. ásamt ársreikningi 2009. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

### 3. Fundargerð samstarfsnefndar um brunavarnir í Skútustaðahreppi og Pingeyjarsveit:

Tekin fyrir fundargerð samstarfsnefndar um brunavarnir í Skútustaðahreppi og Pingeyjarsveit. Hlynur fór yfir efni fundargerðarinnar og hún rædd. Sveitarstjóra falið að boða til fundar með sveitarstjóra Skútustaðahrepps, slökkviliðsstjóra og nefndinni þar sem gengið verði frá erindisbréfi fyrir nefndina og samþykktir fyrir samrekstur slökkviliðanna. Jafnframt er sveitarstjóra falið að ganga frá uppgjöri við Slökkvilið Húsavíkur vegna eigna sem staðsettar eru í slökkvistöðinni í Aðaldal. Fundargerðin samþykkt.

### 4. Fundargerð rekstrarstjórnar Haftralækjarskóla frá 03.05.10 og ársreikningur 2009:

## ÚTIBÚ-----DALAKOFINN

Nú er grillið opið hjá okkur frá kl. 11.00-20.00 alla virka daga. Búðin eins og venjulega 11.00-17.00. Ferskir ávextir og grænmeti á miðvikudögum og nýtt brauð alla daga, nema miðvikudaga. Kreppukaffið okkar alla laugardagsmorgna.

Tilboð: 12" pizza með 2 áleggstegundum og 1/2L dós á 1.490.-  
Tilboð: 16" pizza með 2 áleggsteg. og 2L Coke á 2.300.-  
Tilboð: Hamborgari "akureyringur" með frönskum á milli á 1.190.-

Verið velkomin!

Helga Sigurbjörg verður með Gelnaglaásetningar í

snyrtipinnanum á fimmtudögum og byrjar

fimmtudaginn 20 maí nk.

verð á ásetningu er 6800kr og lagfæring 5800kr

tímamantanir eru í síma 4643200

## Kennara vantar í Litlulaugaskóla.

Kennara vantar í afleysingar í Litlulaugaskóla næsta vetur. Um er að ræða kennslu sem svarar til u.þ.b. eins stöðugildis. Kennslugreinarnar sem um ræðir eru enska og danska á unglingastigi, heimilisfræði og smíðar á yngsta stigi og miðstigi.

Umsóknarfrestur er til 21. maí 2010.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 464 3166 og 846 8573.

Baldur Daníelsson, skólastjóri.

## Rúllunet og rúlluplast til sölu !

Til sölu er rúllunet 3300 metrar, sterkt og gott net framleitt á Vesturlöndum.

Er einnig með takmarkað magn af Polybale rúlluplasti, plast sem hefur verið á markaðnum í mörg ár..

Upplýsingar í síma 893 4094, Hallgrímur  
eða í netfang hallgrimurh@simnet.is

18.tbl.  
12. maí  
2010  
17. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## KONUR!

### Krabbameinsskoðun

á Húsavík verður 17. – 20. maí

*tekið er við tímapöntunum í síma 4640501  
alla virka daga kl. 10.30 – 13 og 14 – 16*

og á Raufarhöfn 25. maí

*tekið er við tímapöntunum í síma 4640620*

***Athugið að ekki verður krabbameinsskoðun  
á Kópaskeri þetta árið.***

Konur eru hvattar til að mæta og panta sér tíma  
á þeirri heilsugæslustöð sem þeim hentar best.

**Hugsaðu um heilsuna og pantaðu þér tíma!**

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

